

1980

Fimmtudaginn 11. nóvember 1993.

Nr. 452/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Jóhönnu Rut Birgisdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. nóvember 1993, en málið barst Hæstarétti 8. sama mánaðar. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi sínu verði markaður styttri tími.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram kröfu þess efnis, að Jóhönnu Rut Birgisdóttur, kt. 140670-5109, með lögheimili að Ástúni 14, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. nóvember 1993 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur krafan verið rökstudd með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins fer nú fram rannsókn á stórfelldu tékkamisferli, skjalafalsi svo og þjófnaði ýmiss konar. Kærða hefur viðurkennt að eiga aðild að meginhluta þessara brota. Þykir því liggja fyrir rökstuddur grunur um, að kærða hafi brotið gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau brot, sem að ofan greinir og kærða hefur játað aðild sína að, geta varðað hana fangelsi samkvæmt almennum hegningarlögum. Í yfirheyrslu hjá lögreglu hefur kærða nafngreint nokkra aðila, sem hafi átt aðild að fyrrgreindum brotum.

Með hliðsjón af ofangreindu, einkum því, að enn er eftir að yfirheyra

1981

hugsanlega samseka aðila og vitni og þar með ljúka rannsókn málsins, þykir hætta á, að kærða muni torvelda rannsókn málsins, fari hún frjáls ferða sinna, svo sem með því að afmá merki eftir brot eða hafa áhrif á vitni eða samseka. Þykir því verða með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu RLR um, að kærða sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 16. nóvember 1993 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 16. nóvember nk. kl. 16.00.
